

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2016, 9. mars, var haldinn 95. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Klébergsskóla á Kjalarnesi og hófst kl. 11:07. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Eva Einarsdóttir (Æ), Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Marta Guðjónsdóttir (D), Sabine Leskopf (S) og Sigríður Pétursdóttir (V). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (P); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva; Birgitta Bára Hassenstein, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórnar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórnar í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum og Sindri Smáráson, Reykjavíkurráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjórnar, Eygló Traustadóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir.

Fundarritari var Guðrún Sigtryggisdóttir.

Skóla- og frístundaráð þakkar Klébergsskóla og leikskólanum Bakkabergi/Bergi fyrir góðar móttökur.

Þetta gerðist:

1. Vettvangsferð um leikskólann Bakkaberg/Berg. María Vilborg Hauksdóttir, leikskólastjórnar Bakkabergs og Ásdís Hallgrímsdóttir, sérkennslustjórnar í leikskólanum Bakkabergi, kynna og svara fyrirspurnum.
2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 24. febrúar 2016:

Framsókn og flugvallarvinir leggja til að skóla- og frístundasvið beiti sér fyrir samstarfi Klébergsskóla á Kjalarnesi við Borgarbókasafnið um rekstur bókasafns í húsnæði Klébergsskóla líkt og verið hefur í Norðlingaskóla í Norðlingaholti. Almennigur á Kjalarnesi hefði þá aðgang að bókasafni í húsnæði Klébergsskóla og einnig gæti þetta skapað meiri tengsl milli leikskólans Bergs á Kjalarnesi og Klébergsskóla. Í dag kemur bókaþillinn aðeins tvisvar í mánuði á Kjalarnes þannig að samstarf með þessum hætti myndi auka mjög og auðvelda aðgengi barna og fullorðinna á Kjalarnesi að úrvali bóka og væri vel í anda aukinnar áherslu á lestur allra aldurshópa.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjórnar skóla- og frístundasviðs að eiga viðræður við menningar- og ferðamálasvið um samstarf Klébergsskóla og Borgarbókasafnsins um rekstur bókasafns fyrir almenning og skólasafn í Klébergsskóla. M.a. verði horft til reynslu af samstarfi Norðlingaskóla og Borgarbókasafnsins.

Samþykkt.

SFS2016020177

Pálína Magnúsdóttir og Erla Kristín Jónasdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að Skólasafnamiðstöð verði í lögð niður þann 1. júlí 2016. Lagt er til að þrjú stöðugildi verði lögð niður og það fjórða, stöðugildi forstöðumanns, verði fært til fagskrifstofu grunnskólamála skóla- og frístundasviðs. Lagt er til að verkefni

Skólasafnamiðstöðvar verði annars vegar verkefni forstöðumanns á fagskrifstofu grunnskólamála og færist hins vegar á skólasöfn grunnskóla Reykjavíkurborgar. Samhliða verður hætt akstri frá Skólasafnamiðstöð til skólanna. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er jafnframt falið að eiga viðræður við menningar- og ferðamálasvið og Borgarbókasafn Reykjavíkur um mögulega aðkomu framangreindra aðila að verkefnum skólasafna.

Greinargerð fylgir.

Jafnframt lögð fram ályktun frá fundi fagfólks á skólasöfnum Reykjavíkur, dags. 7. mars 2016 og lagt fram á fundinum bréf Drafnar Vilhjálmsdóttur, dags. 8. mars 2016. SFS2016030071

Samþykkt og vísað til borgarráðs með 4 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Biartrar framtíðar, Samfylkingar og Vinstri grænna. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Biartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Biartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja áherslu á að sú ákvörðun að leggja af starfsemi Skólasafnamiðstöðvar í núverandi mynd er hluti af þeirri stefnu að fækka miðlægum stöðugildum en flytja verkefni og fjármagn beint út til skólanna. Fagleg ráðgjöf við skólasöfnin verður áfram á höndum skóla- og frístundasviðs en teknar verða upp viðræður um aukið samstarf við Borgarbókasafnið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir sitja hjá við bá ákvörðun meirihlutans í skóla- og frístundaráði að leggja niður Skólasafnamiðstöð borgarinnar 1. júlí 2016 og minnka umfang starfseminnar um þrjú stöðugildi af fjórum. Þó svo að yfirmaður Skólasafnamiðstöðvarinnar verði staðsettur á skrifstofu skóla- og frístundasviðs þá er talsverð hættu á að ákveðin verkefni hennar færist yfir á skólabókasafnsverði skólanna og er erfitt að sjá hvernig þeir geti almennt bætt þeim við önnur brýn verkefni sem þeir verða að forgangsraða nú þegar í dag. Skólabókasafnsverðir grunnskólanna gegna ábyrgðamiklu hlutverki innan grunnskólanna og taka virkan þátt í skipulögðu starfi kennaranna við uppfræðslu og kennslu. Ætla má að sú mikla og þarfa áhersla, sem nú er lögð bæði á aukið læsi nemenda og á sjálfstæða upplýsingaöflun nemenda vegna verkefnavinnu, útheimti nú þegar aukna vinnu, vinnuálag og virkni skólabókasafnsvarða og getur í raun kallað á aukið vægi ráðgjafar Skólasafnamiðstöðvarinnar. Vissulega þarf að draga úr kostnaði en hér virðist sem dregið verði úr mikilvægri þjónustu sem getur haft neikvæð áhrif á brýna grunnþjónustu á skólabókasöfnunum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að vinna hefði þurft betur að undirbúningi fyrirlieggjandi tillögu og skýra með fullnægjandi hætti hvernig staðið verði að yfirfærslu verkefna Skólasafnamiðstöðvar Reykjavíkur út til skólanna. Athygli er vakin á ályktun fagfólks á skólasöfnum Reykjavíkur þar sem fram kemur að óljóst sé hvernig þeim verkefnum reidi af, sem Skólasafnamiðstöðin hefur sinnt til þessa. T.d. sé óljóst hver taki að sér umrædd verkefni því ljóst sé að fagfólk á skólasöfnum muni ekki taka þau að sér.

- Kl. 12:30 víkur Rósa Ingvarsdóttir af fundinum.

4. Vettvangsferð um Klébergsskóla. Björgvin Þór Þórhallsson, skólastjóri Klébergsskóla, kynnir og svarar fyrirspurnum.
5. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Biartrar framtíðar. Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að frístundamiðstöðvarnar Kampur og Frostaskjól verði sameinaðar undir einni yfirstjórn. Eftir sameiningu verði í yfirstjórn einn framkvæmdastjóri ásamt fjármálastjóra, deildarstjóra barnastarfs og deildarstjóra unglíngastarfs. Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra að undirbúa og framkvæma breytinguna með þeim hætti að hún komi til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2016 og að frá þeim tíma verði ein yfirstjórn. Lagt er til að settur verði á fót framkvæmdahópur sameiningar undir stjórn skrifstofustjóra frístundamála á fagskrifstofu SFS. Náð samráð verði haft við stjórnendur frístundamiðstöðvanna og aðra þá aðila er málið varðar.

Greinargerð fylgir.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. mars 2016, um starfsemi frístundamiðstöðvanna Kamps og Frostaskjóls. SFS2016030079

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva lýsa vfir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðra breytinga á stjórnun frístundahluta SFS. Undanfarin ár hefur verið mikill niðurskurður á starfsemi frístundahluta SFS og nú hefur verið tekin ákvörðun um að sameina tvær frístundamiðstöðvar Frostaskjól og Kamp í eina. Ekki er ljóst á þessu stigi málsins hvernig hún kemur til með að hafa áhrif á starfsemi frístundahluta SFS til lengri tíma, hvort breytingin hafi áhrif á faglegt starf í þessum borgarhlutum. Tímarammi breytinganna er einnig mjög stuttur en uppsagnir taka gildi 1. apríl og ný starfsstöð á að opna 1. ágúst 2016 þegar undirbúningur fyrir vetrarstarfsemina er að fara á fullt. Í þessum breytingum er verið að segja upp 8 faglegum stjórnendum sem margir hverjir hafa starfað í áraðir hjá Reykjavíkurborg, búa vfir mikilli fagþekkingu á frístundastarfi og sýnt mikinn árangur í starfi. Þessir stjórnendur hafa einnig setið í nefndum og unnið að fjölmörgum miðlægum verkefnum fyrir frístundahluta SFS og sviðið í heild en fyrirkomulag frístundamiðstöðva er þess eðlis að stjórnendur frístundamiðstöðva taka mjög virkan þátt í verkefnum sem oft eru annars eingöngu unnin miðlægt. Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva telja einnig mikilvægt að hlúð sé vel að þeim fjölmörgu verkefnum sem nú tilheyra Kampi og Frostaskjóli og koma til með að falla undir sameinaða frístundamiðstöð. Með auknu umfangi færast fleiri verkefni á færri hendur og því getur verið hætt á að ýmsir mikilvægir starfsþættir verði undir í amstri dagsins. Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva hvetja skóla- og frístundaráð til að verja af krafti það fjármagn sem frístundahluti SFS þarf til þess að sinna þeirri frístundabiðnustu sem borgin gerir kröfu um og sem borgarbúar meta mikils. Benda má á í þessu sambandi að allar viðhorfskannanir borgarinnar hafa í gegnum árin sýnt mikla ánægju með starf og hlutverk frístundamiðstöðva auk þess sem frístundastarf á vegum borgarinnar hefur verið leiðandi á landsvísu. Þá ítreka framkvæmastjórar mikilvægi þess að haft sé samráð við fagfólk í frístundamiðstöðvum varðandi þær breytingar og áherslur sem tengjast hagræðingu borgarinnar gagnvart starfi frístundamiðstöðva í framtíðinni.

6. Framkvæmdir við starfseiningar skóla- og frístundasviðs á árinu 2016. Agnar Guðlaugsson, deildarstjóri á umhverfis- og skipulagssviði og Jón Valgeir Björnsson, umsjónarmaður viðhalds fasteigna á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, kynna og svara fyrirspurnum.

Daníel Benediktsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Snjóhreinsun og hálfkuvarnir við skóla og frístundaheimili. Lagt fram á fundinum bréf foreldraráðs Bakkaborgar, dags 1. mars 2016, til borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.

Daníel Benediktsson, Agnar Guðlaugsson og Jón Valgeir Björnsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar. Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að rýna framtíðarskipulag leikskólaþjónustu Reykjavíkurborgar. Markmið vinnunnar verði að leikskólar í Reykjavík séu öflugar og sjálfbærar einingar með tilliti til fagstarfs, starfsmannahalds og rekstrarlegra þátta. Starfshópurinn hafi m.a. það hlutverk að rýna og móta viðmið um æskilega stærð og samsetningu hvernar rekstrareiningar, hlutverk stjórnandans, samstarf leik- og grunnskóla og mögulega aldursskiptingu leikskóla, m.a. með hliðsjón af erlendum og innlendum fyrirmyndum.

Samþykkt með 5 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsókn og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

SFS2016030073

9. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. mars 2016, um rekstur félagsmiðstöðvar fyrir fullorðna að Hraunbæ 105. Jafnframt lögð fram drög að samningi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Hraunbæ 105 ásamt fylgiskjali um hugmyndafræði félagsstarfs í félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar og fjármál. SFS2016030076

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Lagt er til að fyrirbyggjandi tillögu um breytingar á rekstri félagsmiðstöðvarinnar að Hraunbæ 105 verði vísað til umsagnar notendaráðs félagsmiðstöðvarinnar og hverfisráðs Árbæjar.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga frá velferðarsviði um hvort skerðing á félagsstarfi eldri borgara hafi átt sér stað í kjölfar styttingu vinnutímans hjá Þjónustumiðstöð Árbæjar.

10. Dagskrárlið 7, í útsendri dagskrá varðandi reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla, frestað.
11. Dagskrárlið 8, í útsendri dagskrá varðandi reglur um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla, frestað.
12. Lögð fram skýrslan *Talnalykill 2015, niðurstöður úr stærðfræðiskimun í 3. bekk í grunnskólum Reykjavíkur*, dags. 1. mars 2016. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. febrúar 2016, um niðurstöður stærðfræðiskimunar í 3. bekk 2015. SFS2015100075

13. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. mars 2016, um innleiðingu á umbótaþáttum skóla- og frístundaráðs í grunnskólum Reykjavíkur. SFS2016030075
14. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. febrúar 2016, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum, frá 89. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi námsmat í grunnskólum. SFS2015110177
15. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. mars 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 91. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi tíðni og meðhöndlun eineltismála í grunnskólum Reykjavíkur. Jafnframt lagðar fram á fundinum verklagsreglur í kjölfar neikvæðra niðurstaðna í könnunum á líðan barna. SFS2016010078
16. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. febrúar 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 94. fundi skóla- og frístundaráðs, um hvort skólastjórar leik- og grunnskóla hafi fengið upplýsingar um fjárhagsramma 2016. SFS2016020180
17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrir skömmu gagnrýndi Dagur B. Eggertsson borgarstjóri einn af skólastjórum borgarinnar opinberlega fyrir að selja nemendum ekki stakar máltíðir. Ljóst er að þetta upphlaup borgarstjóra hefur valdið sárindum og óánægju meðal skólastjóra enda fylgdi umræddur skólastjóri einungis settum reglum skóla- og frístundasviðs um mataráskrift. Þetta upphlaup hefur einnig valdið óvissu meðal nemenda og foreldra, sem spyrja hvort reglum um mataráskrift verði breytt í kjölfar þessarar gagnrýni æðsta embættismanns borgarinnar á skólastjóra. Óskað er eftir upplýsingum um málið og hvort fyrirhugaðar séu breytingar á reglum um mataráskrift í framhaldi af þessum ummælum borgarstjóra.

SFS2016030103

18. Jennu Jensdóttur, kennara og rithöfundar, minnst.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur minnst merkrar konu, Jennu Jensdóttur, kennara og rithöfundar. Jenna var áhrifavaldur í lífi fjölda barna og ungmenna. Flestir þekkja til farsæls árangurs hennar sem rithöfundur en einnig var hún kennari til fjölmargra ára, meðal annars í Reykjavík í tvo áratugi og þá Langholtsskóla. Einnig sat hún í skólasafnanefnd Reykjavíkur. Jenna var áhugasöm um barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs og var dugleg að mæta við afhendingu þeirra. Hún var einmitt handhafi barnabókaverðlaunanna fyrst allra rithöfunda árið 1973. Jenna hlaut ýmsar viðurkenningar á vettvangi fræðslumála og verður minnst sem fræðimanns og rithöfundar en ekki síst fyrir hlýju og áhuga í garð barna.

SFS2016030104

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillögu:

Framsókn og flugvallarvinir leggja til að skóla og frístundasvið skoði nú þegar með hvaða hætti unnt verði að opna aðstöðu fyrir ungmennahús fyrir aldurinn 16 - 25 ára

strax á næsta skólaári 2016 - 2017 í tilraunaskyni í a.m.k. tveimur hverfum borgarinnar til viðbótar því starfi sem nú er í gangi og í nánú samstarfi við Ungmennaráð Reykjavíkur.

Frestað.

SFS2016030105

Fundi slitið kl. 15:30

Eva Einarsdóttir
Kjartan Magnússon
Sabine Leskopf

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Marta Guðjónsdóttir
Sigríður Pétursdóttir